

Fyrir hverja

Innlánasafn er fyrir þá sem vilja fjárfesta eingöngu í innlánnum og vilja litlar verðsveiflur á inneign sinni.

Lítill  Áhætta Mikil

- Skuldaraáhætta (tapsáhætta)*
- Markaðsáhætta (sveiflur í ávöxtun)*

Innlán eru forgangskrafa við slit fjármála-fyrirtækis, samkvæmt lögum nr. 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði.

Inneign sjóðfélaga í Innlánasafninu falla undir ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar.

* Nánar, sjá baksíðu.

Upplýsingar

Stofndagur: 31. október 2008
Fjöldi sjóðfélaga: 17.373
Heildarstærð m.kr: 25.424

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er um 0,3% af meðaleignum.

Fjárfestingarstefna

	Stefna	Lágmark	Hámark
Innlán, laust fé	100%	100%	100%

Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Nánari upplýsingar

Almennt lífeyrissjóðurinn

Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Sími 510-2500

Fax 510-2550

almenni@almenni.is

www.almenni.is

Um safnið

Almennt lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta sparnað sinn í safni sem ávaxtar eignir á innlánsreikningum. Innlánasafnið er ávaxtað að öllu leyti á innlánsreikningum. Ávöxtun verður sambærileg og ávöxtun á verðtryggðum bankareikningum með hæstu vöxtum á hverjum tíma og breytast vextirnir með almennu vaxtastigi í landinu.

Innlánasafnið hentar vel fyrir þá sem eru að ganga á inneign sína eða hyggjast gera það fljótlega þar sem gengissveiflur í safninu eru litlar. Breytingar á markaðsvöxtum hafa ekki áhrif á höfuðstól innlána, en breytingar á vísitölu neysluverðs hafa áhrif á höfuðstólinn. Steft er að því að dreifa eignum Innlánasafnsins á 3-4 innlánastofnanir.

Orðsending sjóðstjóra

Innlánasafnið hækkaði um 0,5% í júlí og hefur hækkað um 3% frá áramótum. Umsamin vaxtakjör á innlánsreikningum og verðbólga í júlí skýra ávöxtun safnsins í júlí þar sem innlánsreikningar safnsins eru að mestu leyti verðtryggðir. Verðtryggingarhlutfall safnsins er nú um 93,5%. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 2% frá áramótum.

Eignasamsetning

Flokkun innlána	Eign
Verðtryggt	93,5%
Óverðtryggt	6,5%
	<u>100,0%</u>


Ávöxtun, %

	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Frá áramótum	3,0%	1,1%
Sl. 1 ár	5,0%	1,8%
Sl. 3 ár	4,4%	2,0%
Sl. 5 ár	4,1%	2,0%


Ávöxtun er á ársgrundvelli fyrir tímabil lengra en 1 ár

Verðbréfaflokkar

Flokkur	Vægi
■ Íslandsbanki	33,5%
■ Kvika	5,8%
■ Arion Banki	31,1%
■ Landsbankinn	29,6%
	<u>100,0%</u>



Gengispróun sl. 5 ár



Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Innlánasafn er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki er hægt að taka inneignina út á 7 árum m.v. 100% örorku.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.

Um skuldara- og markaðsáætlu

Skuldaraáætla

Skuldaraáætla er sú áætla að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáætla er mismikil meðal útgefanda. Skuldaraáætla er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáætla er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáætla minnkar með auknum fjölda útgefanda í söfnum.

Markaðsáætla

Megin markaðsáætla er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðs-áætlu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáætlu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðsluflæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáætla minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.

Fyrirvari

Innlán eru forgangskrafa við slit fjármálafyrirtækis, samkvæmt lögum nr. 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði. Inneign sjóðfélaga í Innlánasafninu falla undir ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar.